



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA

# ÁRSSKÝRSLA

Rannsóknamiðstöðvar ferðamála

# 2015

Samantekt um starfsemi ársins, rannsóknarverkefni, ráðstefnur og viðburði, yfirlit yfir útgefið efni, erindi, veggspjöld og annað.

## SAMANTEKT Á STARFSEMI RMF ÁRIÐ 2015

Árið 2015 fór í það að efla og styrkja innra starf miðstöðvarinnar auk þess að sinna rannsóknum. Tveimur af þeim fjórum rannsóknaverkefnum sem styrkt voru af RMF árið 2012 til þriggja ára lauk á árinu en þeim tveimur sem eftir eru lýkur með útgáfu skýrslu fyrir hvort verkefni fyrir sig í mars 2016.

Upphaf- og endadagsetningar verkefna sem styrkt eru af RMF.

Verkefni	Hófst	Endar
Umbreytingar: ferðapjónusta, staður og sjálfsemd	1.jan. '13	Mars 2016
Þróun ferðamannastaða og þölmörk ferðamanna	1.mar. '13	2014
Ferðamennska, landslag og loftslagsbreytingar á Íslandi	1.sept. '12	2015
Ferðapjónusta í byggðum landsins	1.sept. '12	Mars 2016

Í marsmánuði á síðasta ári var Háskólanum á Akureyri úthlutað 30 milljónum frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu til rannsókna á ferðapjónustu. Háskólinn á Akureyri óskaði eftir aðstoð RMF við val og undirbúning áætlana fyrir rannsókn- og nýsköpunarverkefni í ferðamálam. Þessi vinna var árangur góðrar samvinnu stjórnar, forstöðumanns og starfsfólks. Í samvinnu við HA lagði RMF fram bæði verkefnahugmyndir og kostnaðar- og tímaáætlanir fyrir ráðuneytið. Á þeim grunni urðu fjögur verkefni fyrir valinu. Áhersla var lögð á verkefni sem hægt væri að hefja strax og voru brýn. Nánari lýsingu á þessum verkefnum og öðrum sem unnin voru á árinu má sjá í kaflanum Rannsóknaverkefni hér á eftir.

Áhersla RMF á árinu var að efla, byggja upp og styðja við mannauð miðstöðvarinnar og bæta starfsumhverfið. Áhersla var einnig lögð á að auka sýnileika RMF og mynda tengsl við atvinnugreinina, bæði stofnanir og fyrirtæki, sem og við þá sem að miðstöðinni standa eins og gert var ráð fyrir í starfsáætlun ársins. Fyrstu skrefin til áframhaldandi uppbyggingar og til að efla innra starfið voru tekin snemma á árinu. Komið var á reglulegum starfsmannafundum milli starfstöðvanna tveggja, sem fóru fram í gegnum Skype, og teymisfundum í tengslum við verkefni. Forstöðumaður hafði reglulega viðveru á starfsstöðinni í Reykjavík, verkefnabókhald fyrir starfsfólkið var innleitt og hafist var handa við gerð starfsmannahandbókar sem ætlað er að vera í stöðugri þróun. Verklagsreglur og verkferlar voru endurmetnir og uppfærðir og nýir litu dagsins ljós. Í þessu samhengi má nefna t.d. verklagsreglur fyrir dómnefndarstörf vegna lokaverkefnisverðlauna, útgáfu skýrslna á vegum RFM og verklagsreglur varðandi beiðnir sem berast Rannsóknamiðstöðinni um kynningar, samstarf og viðtöl svo eitthvað sé nefnt.

Tengslamyndun er hluti af sýnileika RMF. Í ár fólst hún m.a. í þátttöku og áheyrn starfsfólks á opinberum fundum, ráðstefnum, málþingum og kynningum, s.s. Ferðamálaþingi Ferðamálastofu, Samgönguþingi á Akureyri, Þjóðarspegi og fleira. Forstöðumaður fór í heimsóknir og átti góð samtöl við bæði einstaklinga og stofnanir, t.d. SAF, Ferðamálastofu, Íslandsstofu, Markaðsstofur landshlutanna, Rannsóknasetur HÍ, formann Ferðamálasamtaka Íslands og formann Samtaka söguferðapjónustu svo einhverjir séu nefndir. Þá fóru fram kynningar á verkefnum og miðstöðinni sjálfri, og innti starfsfólk þær vel af hendi. Hluti af því að auka sýnileika RMF á einfaldan máta var að skipta yfir í nýtt vefumsjónarkerfi fyrir heimasíðuna rmf.is og setja saman netfangalista yfir áhugasama sem vilja fylgjast með starfseminni og prent- og ljósmiðlavaka fyrir útsendingu fréttatilkynninga. Forstöðumaður sat í dómnefnd um Nýsköpunarverðlaun SAF og kynnti dómnefndarálitid þegar verðlaunin voru

afhent við hátíðlega athöfn í Reykjavík. Auk þess kynnti hann dómnefndarálit vegna lokaverkefnisverðlauna RMF á aðalfundi SAF á Egilsstöðum þegar verðlaunin voru afhent.

Forstöðumaður RMF og formaður stjórnar tóku þátt í vinnufundum þriggja ólíkra hópa vegna vinnu við gerðar Vegvísisins í ferðamálum á vegum Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og Samtaka ferðaþjónustunnar. Auk þess tók starfsfólk RMF þátt í vinnufundi um stefnumótun og framtíðarsýn ferðaþjónustunnar á Akureyri og svaraði fyrirspurnum verkefnisstjórnar símleiðis eða í tölvupóstsamskiptum. Þegar framkvæmdastjóri Stjórnstöðvar tók til starfa fengu forstöðumaður og formaður stjórnar fund með honum til að kynna honum starfsemi RMF. Í desember tilnefndi RMF, að beiðni Stjórnstöðvar ferðamála, forstöðumann miðstöðvarinnar í stýrihóp um áreiðanleg gögn. Fyrsti fundur hópsins er í janúar 2016.

Rannsóknamiðstöðin stóð m.a. fyrir örráðstefnu, og málstofum, í samvinnu við m.a. viðskipta- og raunvísindadeild Háskólans á Akureyri, Ferðamálastofu, Landgræðslu ríkisins, Markaðsstofu Norðurlands og Norræna húsið. Þá stóð hún fyrir 24. Norrænu ferðamálaráðstefnunni, sem haldin var í Reykjavík, en hún er einn stærsti og umfangsmesti viðburður sem RMF hefur skipulagt fram til þessa. Þar tóku þátt 167 fræðimenn frá 17 löndum, en haldin voru 143 erindi á sviði ferðamála í 31 málstofu. Þar sem haldið var sérstakt námskeið fyrir doktorsnema í tengslum við ráðstefnuna var slíkt ekki haldið sérstaklega í ár fyrir doktorsnema í ferðamálafræðum á Íslandi.

Erlend tengsl eru miðstöðinni mikilvæg en þeim var viðhaldið m.a. með því að starfsfólkið tók allt þátt í norrænu ráðstefnunni, sóttar vorur ráðstefnur á erlendri grundu, og tveir erlendir háskólanemar, annars vegar frá Þýskalandi og hins vegar frá Hollandi, voru í starfsþjálfun og unnu að verkefnum miðstöðvarinnar. Auk þess er miðstöðin í evrópsku tengslaneti og verkefni því tengdu, og vinnur í norrænu forverkefni sem styrkt er af Norrænu ráðherranefndinni, svo eitthvað sé nefnt. Gaman er frá því að segja að Cristi Frenç, sérfræðingur RMF, hlaut verðlaun á ICOT-ráðstefnunni, alþjóðlegri ráðstefnu um stefnumörkun í ferðaþjónustu, sem haldin var í London af Alþjóðasamtökunum um stefnumörkun í ferðaþjónustu (e. *International Association for Tourism Policy, IATOUR*). Verðlaunin hlaut hann fyrir fræðigrein sína *Útfærsla íslenskra ferðaþjónustureikninga og notkunarmöguleikar þeirra fyrir stefnumörkun í ferðaþjónustu* (e. *Expanding the Icelandic Tourism Satellite Account and its Possibilities of Using for Tourism Policy*), sem kynnt var á ráðstefnunni.

Rannsóknamiðstöðin tók á móti nokkrum góðum gestum á árinu. Þar má nefna þingflokk Bjartrar framtíðar, Árna Þór Sigurðsson, sendiherra Norðurlóða, og nemendur frá College of Charlton.

Sérstakir fundir voru haldnir að frumkvæði RMF til að kynnast rannsóknastarfi og áhugasviðum í rannsóknum eftirtalinna aðila, hugmyndum þeirra að samstarfi sem og tækifærum til samvinnu: Doktorsnema og kennara við Land – og ferðamálafræði við HÍ, kennara Viðskipta- og raunvísindadeildar HA, kennara við ferðamáladeild Hólaskóla og forstöðumanns Rannsóknaseturs í safnafræðum við HÍ.

Í lok árs var staða forstöðumanns auglýst. Umsækjendur voru fjórir en sitjandi forstöðumaður sóttist ekki eftir starfinu. Ráðningaferlinu lauk í febrúar 2016.

Formlegar starfstöðvar RMF voru tvær á árinu; við Háskóla Íslands í Reykjavík (Öskju) og við Háskólann á Akureyri (Borgum), en þeir sem sinna verkefnum sem fjármögnuð eru frá RMF eru þar að auki á Húsavík, Höfn og Hólum í Hjaltadal.

Starfsfólk RMF á árinu 2015 var:

#### **Á Akureyri, í Borgum:**

Kristín Sóley Björnsdóttir, forstöðumaður 100% (frá 1. janúar)

Dr. Edward H. Huijbens, sérfræðingur (100% jan. – mars, 50% frá apríl – desember, tími keyptur af Viðskipta- og raunvísindasviði HA)

Kristinn Berg Gunnarsson, sérfræðingur 100% (til 19. júní)

Mareike Scheller, skiptinemi í starfsþjálfun frá Háskólanum í Greifswald í Þýskalandi (janúar – október)

Iris Homan, skiptinemi í starfsþjálfun frá Háskólanum í Wageningen í Hollandi (mars – júlí)

#### **Í Reykjavík, í Öskju:**

Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingur 100%

Dr. Cristi Frentz, sérfræðingur 100% (til 1. desember)

#### **Tímabundnar ráðningar:**

Gyða Þórhallsdóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands, vinnur í verkefninu Dreifing ferðamanna um Ísland (1. september 2015 – 31. júní 2016). Með aðstöðu í HÍ.

Þórný Barðadóttir, verkefnastjóri, 50%, í verkefninu Markhópagreining – markhópalíkan (frá 1. September – 31. júní 2016). Situr á Akureyri.

Stjórnarfundir á árinu voru þrjár. Sá fyrsti var haldinn þann 13. mars, aðalfundur var haldinn 12. maí og haustfundur var haldinn í Reykjavík 12. Nóvember. Auk þess var haldinn vinnufundur starfsstjórnar (formaður og varaformaður með forstöðumanni) þann 1. október í Reykjavík. Formaður og varaformaður stjórnar unnu þétt við hlið forstöðumanns allt árið.

Í stjórn RMF árið 2015 áttu sæti:

Dr. Rögnvaldur Ólafsson (Háskóli Íslands), formaður stjórnar

Dr. Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir (Háskólinn á Akureyri), varaformaður

Dr. Ögmundur Knútsson (Háskólinn á Akureyri)

Dr. Rannveig Ólafsdóttir (Háskóli Íslands)

Bjarnheiður Hallsdóttir (Samtök ferðaþjónustunnar)

Dr. Georgette Leah Burns (Háskólinn á Hólum)

Oddný Þóra Óladóttir (Ferðamálastofa)

## **RANNSÓKNARVERKEFNI**

### **Verkefni unnin fyrir styrk frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu**

Fyrri hluta árs 2015 veitti Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið Háskólanum á Akureyri 30 m.kr. tímabundið framlag til rannsókna í ferðamálum. Háskólinn á Akureyri óskaði eftir aðstoð RMF við val og undirbúning áætlana fyrir rannsókna- og nýsköpunarverkefni í ferðamálum. Í samvinnu við HA lagði RMF fram bæði verkefnahugmyndir og kostnaðar- og tímaáætlanir. Á þeim grunni urðu fjögur verkefni fyrir valinu. Áhersla var lögð á verkefni sem hægt væri að

hefja strax og voru brýn. Yfirverkefnastjórn verkefnanna er í höndum starfsfólks RMF en þau eru öll unnin í samstarfi við aðrar stofnanir og hagsmunaaðila. Vinna við öll fjögur verkefni hófst á árinu, en verkefnunum er lýst hér fyrir neðan.

## **Markhópagreining – gerð spurningalista**

Ítarleg markhópagreining á erlendum mörkuðum íslenskrar ferðapjónustu. Unnið er að líkani til að afla gagna frá markaðssvæðum landsins. Með því verður lagður grunnur að viðmiðum til að skilgreina markhópa út frá lífsstíl og félagshópum. Einnig verða lögð drög að grunnflokkun gesta í markhópa fyrir miðaða markaðssetningu, ímyndaruppbyggingu og vörubrúun áfangastaða og þjónustu, enda hefur slík gagnaöflun til rannsókna forspárgildi. Verkefnið hófst í júní 2015, verklok áætluð í júní 2016.

Edward Huijbens, Þórný Barðadóttir, Iris Homan og Mareike Scheller vinna að þessu verkefni. Verkefnastjórn: Kristín Sóley Björnsdóttir og Þórný Barðadóttir.

Eftirtaldir aðilar vinna einnig að verkefninu:

Háskólinn á Bifröst: Brynjar Þór Þorsteinsson aðjúnkt, Einar Svansson, lektor og verkefnistjóri, Gunnar Alexander Ólafsson verkefnisstjóri, Kári Joensen lektor, Johanna E. Van Schalwyk og Kristjana Kristjánsdóttir, meistaranemar.

Háskólinn á Akureyri: Hafdís Hjálmarsdóttir lektor.

Ráðgjafar: Daði Guðjónsson, verkefnastjóri ferðapjónustu og skapandi greina frá Íslandsstofu, Oddný Óladóttir rannsóknastjóri og Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri, Ferðamálastofu.

## **Dreifing ferðamanna um landið**

Þróuð hefur verið aðferðafræði til að meta fjölda ferðamanna á áfangastöðum með því að telja bifreiðar. Aðferðin hefur verið prófuð á átta áfangastöðum á Suður- og Vesturlandi og reynst vel.

Í þessu verkefni er lögð áhersla á Norðurland. Ökutæki sem aka inn á fjölfarna áfangastaði verða talin og meðalfjöldi ferðamanna í þeim fundinn til þess að hægt sé að meta dreifingu ferðamanna um landið, dreifingu ferðamanna á milli áfangastaða og árstíðasveiflu í dreifingu ferðamanna. Með niðurstöðum þessara talninga er mögulegt að móta aðgerðir varðandi skipulag ferðapjónustunnar á landsvísu, uppbyggingu innviða og þjónustu á hverjum áfangastað. Til að fá áreiðanleg gögn er mikilvægt að vanda til verka og því þarf að þekkja hlutfall á milli rúta og einkabíla á hverjum áfangastað og meðalfjölda einstaklinga í ökutæki. Slíkt er gert með því að taka úrtak bæði á virkum dögum og um helgar á hverju tímabili (háönn, jaðartímabilum að vori og hausti og yfir veturinn) og handtelja bæði rútur og farþega. Verkefnið hófst í júlí og áætluð verklok eru í júní 2016.

Gyða Þórhallsdóttir sinnir þessu verkefni. Verkefnisstjórn: Rögnvaldur Ólafsson og Kristín Sóley Björnsdóttir. Samstarfsaðilar eru: Háskóli Íslands, sveitarfélög og hagsmunaaðilar á Norðurlandi.

### **Efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu – Húsavík, Mývatnssveit, Höfn, Siglufjörður**

Meginmarkmið verkefnisins er greining á efnahagslegum áhrifum ferðaþjónustu í byggðum landsins sem unnin er með hliðsjón af alþjóðlegri forskrift ferðaþjónustureikninga. Til að reikna umfang ferðaþjónustu á afmörkuðu landsvæði þarf í meginatriðum að beita sömu aðferðum og gert er við gerð ferðaþjónustureikninga á landsvísu. Það er þó nokkrum vandkvæðum bundið þar sem ekki er alltaf ljóst hvar þjónustukaup ferðamanna eiga sér stað auk þess sem stærri rekstraraðilar í ferðaþjónustu geta verið með starfsstöðvar víða um landið en aðeins einn ársreikning. Það veldur því að ekki er hægt að nota opinberar tölur án þess að aðlaga þær staðháttum í einhverjum tilvikum.

Rannsóknin tekur til þriggja byggðakjarna af svipaðri stærð; Húsavíkur, Siglufjarðar og Hafnar í Hornafirði. Allir hafa þeir gengið í gegnum hræringar í atvinnulífinu undanfarin ár þar sem samdráttur hefur átt sér stað í grunnatvinnuvegunum, sér í lagi sjávarútvegi, á sama tíma og miklar framtíðarvæntingar eru bundnar við ferðaþjónustu á svæðunum. Rannsóknin byggir á verkefni sem unnið hefur verið í Þingeyjarsýslum frá árinu 2012. Það verkefni snýr að aðlögun alþjóðlegra aðferða við gerð ferðaþjónustureikninga að afmörkuðum svæðum landsins í þeim tilgangi að greina efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu á svæðinu. Grunnvinnu við mótun aðferðar er lokið og megináhersla þessa verkefnis verður gagnaöflun og úrvinnsla sem byggir á þeirri aðferð. Sökum kostnaðar- og tímaskorða verður í þessu verkefni einungis notast við útgjaldakannanir en ekki viðtöl við rekstraraðila og ársreikningagreiningu líkt og í verkefninu í Þingeyjarsýslum. Verkefnið hófst í júlí 2015 og lýkur í júlí 2016.

Verkefnisstjórn: Kristín Sóley Björnsdóttir fyrir hönd RMF og Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir hjá Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Húsavík, en hún er jafnframt starfsmaður verkefnisins. Verkefnið er unnið í samstarfi við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Höfn, Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri og Þekkingarnet Þingeyinga.

### **Samfélagsleg áhrif ferðaþjónustu – Mývatnssveit, Höfn, Siglufjörður**

Meginmarkmið verkefnisins er greining á samfélagslegum áhrifum ferðaþjónustu í byggðum landsins. Um er að ræða tilviksrannsókn þar sem mat verður lagt á svæðisbundin áhrif ferðamennsku á þremur stöðum á landinu; Mývatnssveit, Höfn í Hornafirði og á Siglufirði, þar sem ferðaþjónusta hefur vaxið mikið undanfarin ár.

Rannsóknin felst í greiningu á því hvaða jákvæðu og/eða neikvæðu áhrif hinn hraði vöxtur ferðaþjónustunnar samhliða lengra ferðamannatímabili hefur á minni bæjarfélög, íbúa þeirra, menningu og daglegt líf í samfélagslegu tilliti. Árstíðasveifla ferðaþjónustunnar er töluverð á þessum stöðum og hefur áhrif á framboð ýmissar þjónustu og almenn lífsgæði íbúa. Rannsóknin tekur til þeirra mögulegu áhrifa sem stafa af ferðamennsku á tilteknu svæði þar

sem fylgst er með því hvaða breytingar geta orðið á samfélagi og menningu vegna ferðamenskunnar. Rannsóknin byggir á greiningu fyrirbyggjandi gagna sem og öflun frumgagna með viðtölum við íbúa og hagsmunaaðila í ferðaþjónustu og spurningakönnun á meðal íbúa. Vinna við verkefnið hófst í desember og eru áætluð verklok í júní 2016.

Verkefnisstjórn: Kristín Sóley Björnsdóttir og Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sem jafnframt vinnur að verkefninu ásamt Arnari Þór Jóhannssyni, sérfræðingi hjá Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri. Ráðgjafi er Guðrún Þóra Gunnarsdóttir fyrir hönd Háskólans á Hólum. Samstarfaðilar eru Háskólinn á Hólum, Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík.

## Önnur verkefni

### Viðhorf Íslendinga til ferðafólks og ferðaþjónustu

Á haustdögum 2014 fékk Ferðamálastofa Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands til að gera könnun um viðhorf Íslendinga til ferðafólks og ferðaþjónustu. Könnunin var liður í rannsóknaverkefni um samfélagsleg þolmörk sem unnið er í samvinnu Ferðamálastofu, RMF og Háskólans á Hólum. Í framhaldinu vann RMF að fræðilegri úttekt um félagsleg þolmörk heimafólks gagnvart ferðamenskum sem sett var í samhengi við niðurstöður könnunarinnar. Skýrsla, sem byggði á fræðilegri úttekt og túlkun niðurstaðna úr könnun Félagsvísindastofnunar, kom út á vegum RMF í mars 2015.

Edward H. Huijbens og Eyrún Jenný Bjarnadóttir sinntu þessu verkefni.

### Ferðamennska, jarðminjar og skart (NordMin) – forverkefni

Víða á norðurhvara veraldar má finna jarðefni á borð við hraun, ösku, steindir og veðrað grjót sem notuð eru til sköpunar kennileita eða skarts og minjagripa. Slíkir gripir eru látnir standa fyrir sérkenni tiltekinna svæða eða landa og eru notaðir í markaðssetningu eða til að selja ferðamönnum. Verkefnið miðar að því að skapa fordæmi (e. best practices) innan gimsteina- og minjafræða til nýsköpunar og vöruþróunar í ferðaþjónustu. Verkefnið skiptist í þrennt. Í einum hluta verkefnisins er byggt á sérfræðipækkingu um hvernig hægt er að finna og sækja hráefnið ásamt þekkingu á gæðum og vinnslu. Í öðrum hluta verkefnisins er spjótunum beint að nýsköpun og vöruþróun; hvernig þróa megi viðskiptagrunn í ferðaþjónustu og skapa þannig virði og vinnslu í kringum hráefnið. Þriðji hluti verkefnisins snýst um yfirfærslu þekkingar og verklags.

Forverkefnisstyrkur fékkst hjá Norrænu ráðherranefndinni til að leiða saman starfshóp til að vinna styrkumsókn að stærra verkefni. Verkefnisstjórn er í höndum RMF en í hópunum eru aðilar frá Íslandi, Danmörku og Svíþjóð. Hópurinn hittist á fundi á Íslandi í desember og stefnt er að því að sækja um í sjóð á fyrri hluta árs 2016.

Edward H. Huijbens, Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Kristín Sóley Björnsdóttir sinna þessu verkefni.

## **Áhrif Hvalárvirkjunar á ferðamennsku og útivist**

Rannsókn sem unnin var að beiðni Verkís hf. fyrir hönd Vesturverks, sem hluti af mati á umhverfisáhrifum virkjunar í Hvalá í Ófeigsfirði. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsáætlun framkvæmdarinnar var bent á að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé að langmestu leyti ósnortið eða lítt snortið af mannvist og framkvæmdum. Sem hluta af mati á umhverfisáhrifum var framkvæmdaraðila skylt að standa fyrir athugum meðal ferðamanna sem sækja svæðið heim og meðal ferðþjónustuaðila. Gerð var viðtalskönnun, einkum meðal ferðþjónustuaðila í Árneshreppi og Íslendinga sem farið hafa um svæðið sem ferðamenn. Verkefnið hófst á haustdögum 2015 og lauk í lok nóvember sama ár.

Verkefnið var unnið af Hjalta Jóhannessyni, sérfræðingi hjá Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA), en honum til samráðs voru Kristín Sóley Björnsdóttir og Edward Huijbens.

## **Forsendur ferðþjónustureikninga á Íslandi**

Frá árinu 2013 hefur RMF unnið að rýni á hagrænum áhrifum ferðþjónustu á Íslandi í samstarfi við Hagstofu Íslands. Afrakstur þeirrar vinnu eru nýir hliðarreikningar með þjóðhagsreikningum fyrir ferðþjónustu, sk. ferðþjónustureikningar fyrir tímabilið 2009–2013, sem Hagstofan gaf út í júní og ágúst 2015. Ferðþjónustureikningar taka saman hagstærðir sem einkenna ferðþjónustu í þjóðhagsreikningum og gefa m.a. til kynna hlutdeild greinarinnar í landsframleiðslu. Útgáfa reikninganna byggir á samstarfi RMF og Hagstofunnar með tilliti til alþjóðlegra staðla í ferðamálatölfræði og ferðþjónustureikningum. Í lok árs 2015 gaf RMF út ítarlega skýrslu um gagnagrunna, aðferðafræði og niðurstöður ferðþjónustureikninganna. Verkefninu lauk í nóvember 2015.

Dr. Cristi Frenț sinnti þessu verkefni. Samstarfsaðili: Hagstofa Íslands.

## **Slow Adventure In Northern Territories (SAINT)**

Í samvinnu við University of Highlands and Islands í Skotlandi vinnur RMF með átta öðrum háskólum og ferðþjónustuaðilum á norðurslóðum að því að bera kennsl á vörur og þjónustu sem snúast um „yndisævintýri“ (e. slow adventure) á svæðinu og það sem einkennir þessar ferðir. Verkefnið hófst 1. apríl 2015 og stendur í þrjú ár, og er styrkt af norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (e. NPA – Northern Periphery and Arctic Programme) um rúma milljón Evra. RMF er í samvinnu við Háskólasetur HÍ á Hornafirði um innlendan hluta verkefnisins. Með því að búa til skilgreiningu fyrirtækja sem bjóða yndisævintýraferðir og bera kennsl á fyrirtæki sem bjóða slíkar ferðir og hvata þeirra verða gerðar leiðbeiningar um hvernig má skipuleggja og markaðssetja ferðþjónustu með þessum hætti sem gæti þannig verið frekar í takt við umhverfi og náttúru.

Dr. Edward H. Huijbens sinnir þessu verkefni.



## **Tourism, Wellbeing and Ecosystem Services (TObeWELL)**

Evrópusambandið hvetur til samvinnu um rannsóknir og tækniþróun í gegnum rammaáætlun sem nefnd er COST. Snemma í júní 2012 kom í ljós að RMF hefði ásamt fulltrúum frá vísindastofnunum 19 annarra Evrópulanda fengið styrk úr þessari áætlun. COST-verkefnið hófst formlega 25. júní 2012 og ber titilinn: Tourism, Wellbeing and Ecosystem Services (TObeWELL) og er innan COST vísað til sem IS1204 (sjá: [http://www.cost.eu/domains\\_actions/isch/Actions/IS1204](http://www.cost.eu/domains_actions/isch/Actions/IS1204)). Í lok árs 2015 eru, líkt og í lok árs 2014, 29 lönd aðilar að verkefninu, sem leitt er af háskólanum í Exeter. Verkefnið snýst um að þætta saman hugmyndir um þjónustu vistkerfa, með áherslu á lífkerfi, við aðra þætti mannlegrar tilvistar; menningu, heilsu og vellíðan, í gegnum ferðamennsku. Verkefnið miðar að því að tengja saman rannsóknir á vellíðan sem byggja á þjónustu vistkerfa og notkun þeirra í gegnum ferðamennsku, útivist og afþreyingu. Til grundvallar verkefninu liggur að skapa ný samvinnurannsóknarverkefni um hvernig ferðamennska getur bætt heilsu og vellíðan með samlífi við auðlindir náttúru og sjálfbæra nýtingu vistkerfa, um leið og reynt verður að leggja mat á virði slíkrar nýtingar. Þetta mun nást með samstarfi ólíkra rannsóknastofnana um alla Evrópu sem starfa munu saman á grundvelli fjögurra vinnuhópa. Sá fyrsti fjallar fræðilega um samband ferðamennsku, vellíðunar og þjónustu vistkerfa og leitast við að smíða hugtakaramma utan um það. Annar hópur mun fjalla um aðferðafræðilegar áskoranir við að kynna sér þetta samband. Þriðji hópurinn mun skoða samhengi öldrunar, vellíðunar og þjónustu vistkerfa. Fjórði hópurinn mun skoða stefnumótun og hvernig niðurstöður hinna hópanna geta upplýst mótun heilbrigðisstefnu. Áætluð lok COST-verkefnisins eru haustið 2016.

Dr. Edward H. Huijbens sinnir þessu verkefni og stýrir innan þess samræmingu vísindaferða eða sk. short term scientific missions. Edward er einnig í stýrihópi verkefnisins. Klasi um heilsutengda ferðaþjónustu á Íslandi, Island of Health, tekur þátt í verkefninu og á fulltrúa á COST-fundum.

## **Norðurslóðasamstarf**

RMF er virkur þátttakandi í norðurslóðasamstarfi fræðafólks í ferðamálum með þátttöku í International Polar Tourism Research Network (IPTRN). Þetta hefur skapað fótfestu til þátttöku í mótun norðurslóðaáherslna Háskólans á Akureyri, en þar eru fjölmörg verkefni og ýmsir samstarfsmöguleikar í mótun. RMF mun skipuleggja fimmtu ráðstefnu hópsins haustið 2016, en hún fer fram á Raufarhöfn, í samvinnu við heimafólk þar (<http://www.rmfi.is/en/conferences/5th-international-polar-tourism-research-network-iptrn>).

Dr. Edward Huijbens sinnir samstarfinu.

## **Svæðisbundin og þjóðhagsleg áhrif af beinu millilandaflugi til Akureyrar og Egilsstaða**

Forsætisráðherra skipaði starfshóp um svæðisbundin og þjóðhagsleg áhrif af beinu millilandaflugi til Akureyrar og Egilsstaða í lok maí sl. til að gera tillögur um hvernig koma megi

á reglulegu millilandaflugi um flugvelli á landsbyggðinni. Áherslur starfshópsins snéru að alþjóðaflugvöllunum á Akureyri og Egilsstöðum þar sem markvisst hefur verið unnið að markaðssetningu flugvallanna á undanförunum árum. Starfshópurinn leitaði til Rannsóknamiðstöðvar ferðamála til að vinna skýrslu um svæðisbundin og þjóðhagsleg áhrif af beinu millilandaflugi til Akureyrar eða Egilsstaða. Starfshópurinn studdist við upplýsingar úr þeirri skýrslu við gerð tillagnanna. Skýrslu RMF um svæðisbundin og þjóðhagsleg áhrif af beinu millilandaflugi til Akureyrar og Egilsstaða er að finna í viðauka skýrslunnar.

Dr. Edward H. Huijbens og Jón Þorvaldur Heiðarsson, Háskólanum á Akureyri, unnu verkið fyrir hönd RMF.

## Verkefni fjármögnuð í gegnum RMF

### Ferðamennska, landslag og loftslagsbreytingar á Íslandi

Verkefnið snýst um samspil ferðamennsku og hnattrænna loftslagsbreytinga, sérstaklega eins og það birtist í jöklalandslaginu sem setur afgerandi svip á Vatnajökulspjóðgarð og grannbyggðir hans. Jöklar um allan heim hoga nú hratt vegna loftslagshlýnunar og erlendis má nú þegar víða finna dæmi um vinsæl ferðamannasvæði sem eiga undir högg að sækja vegna bráðnandi jökla. Á sama tíma eru vísbendingar um að aðdráttarafl jökla sem ferðamannastaða sé að aukast, m.a. vegna áhuga fólks á að upplifa jöklalandslag áður en það hverfur. Mikilvægt er að hagsmunaaðilar, s.s. stjórnendur þjóðgarða og forsvarsmenn ferðaþjónustufyrirtækja, móti sameiginlega aðgerðaáætlun til að stemma stigu við (e. *adapt*) eða bæta fyrir (e. *mitigate*) neikvæð áhrif af völdum loftslagsbreytinga á jöklana og ferðamennsku sem þeim tengist.

Verkefnið samanstendur af nokkrum tengdum verkþáttum. Fyrsti hlutinn varðar gerð samantektar um umfang jöklaferðamennsku á Íslandi, ásamt söfnun og úrvinnslu upplýsinga um áhrif loftslagsbreytinga á ferðaþjónustu og öfugt. Annar hlutinn byggir á könnunum á meðal ferðaþjónustuaðila um áhrif loftslagsbreytinga á starfsemi þeirra á jöklasvæðum. Þriðji hlutinn snýst um að kanna viðhorf og atferli ferðamanna sem leita sér afþreyingar af mismunandi toga á jöklasvæðum Vatnajökulspjóðgarðs. Í fjórða hlutanum verður fulltrúum ferðaþjónustufyrirtækja og þjóðgarðsins stefnt saman til að móta sameiginlega sviðsmynd (e. *scenario*) um áhrif loftslagsbreytinga á þjóðgarðinn og ferðaþjónustuna innan hans á næstu árum og áratugum. Í fimmta hlutanum verður ofangreind sviðsmynd síðan lögð til grundvallar fyrir mótnun sameiginlegrar aðgerðaráætlunar þjóðgarðsstjórnenda, ferðaþjónustuaðila og sveitarstjórnarfólks um leiðir til þess að stöðva, minnka eða laga sig að neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga. Verkefninu er lokið.

Rannsókninni sinnir Johannes T. Welling, en um er að ræða PhD verkefni hans hjá Land- og ferðamálafræðistofu HÍ. Honum til fulltingis er dr. Þorvarður Árnason, forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ á Hornafirði.

## **Umbreytingar: Ferðaþjónusta, staður og sjálfsemd**

Rannsóknin beinist að uppbyggingu ferðaþjónustu í jaðarbyggðum. Markmiðið er að greina hvað gerist í því ferli þegar staður umbreytist í áfangastað fyrir ferðamenn og hvernig þeir sem búa á viðkomandi stað skynja, skilja og upplifa þessa breytingu og hvaða ferlar skipta máli fyrir farsæla uppbyggingu og eflingu samfélags. Mjög hefur verið litið til ferðaþjónustu sem nokkurs konar bjargvættar fyrir dreifðari byggðir, þar sem atvinnulíf hefur verið einhæft og þjónusta af skornum skammti, en lítið er þó vitað um hvað gerist þegar svæði eða tiltekinn staður verða áfangastaðir og eru þannig endurskilgreindir í ljósi þarfa atvinnugreinar sem er jafn margþætt og ferðaþjónusta. Svæðin sem litið er til eru Strandir, Húnaþing vestra og Borgarfjörður eystri. Skýrsla um fræðilegar forsendur verkefnisins var gefin út 2014 og skýrsla um niðurstöður narratífrar rannsóknar á samfélagslegum áhrifum tónlistarhátíðarinnar Bræðslunar verður gefin út í mars 2016.

Rannsókninni sinnir Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, en um er að ræða PhD-verkefni hennar sem dr. Katrín Anna Lund og dr. Gunnar Þór Jóhannesson við Háskóla Íslands leiðbeina.

## **Ferðaþjónusta í byggðum landsins**

Rannsóknin er unnin á vegum Rannsóknaseturs HÍ á Húsavík, í samstarfi við RMF og Þekkingarnet Þingeyinga. Meginmarkmið rannsóknarinnar er tvíþætt; annars vegar að meta hvernig hægt er að vega bein efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslu með hliðsjón af alþjóðlegri forskrift ferðaþjónustureikninga og hins vegar að meta óbein og afleidd efnahagsleg áhrif með aðferðum aðfanga- og afurðagreiningar. Rannsóknin er unnin samhliða rannsókn RMF á þjóðhagslegum áhrifum ferðaþjónustu og munu niðurstöður þessa verkefnis verða notaðar til samanburðar og staðfestingar á því hvað mögulegt er að heimfæra af þjóðhagslegum stærðum uppá einstök svæði. Verkefninu lýkur í mars 2016.

Rannsókninni sinnir Lilja B. Rögnvaldsdóttir hjá Rannsóknasetri HÍ á Húsavík. Henni til fulltingis er dr. Cristi Frenç við RMF.

## **Heimasíða Rannsóknamiðstöðvar ferðamála [www.rmfi.is](http://www.rmfi.is)**

Skipt var um vefumsjónarkerfi fyrir heimasíðu RMF á árinu 2015. Farið var úr Wordpress yfir í Moya, sem er smíðað og hannað af Stefnu hugbúnaðarhúsi. Um leið var innihald síðunnar tekið til skoðunar með það að markmiði að bæta aðgengi að efni síðunnar. Aukin áhersla var lögð á að gera þær rannsóknir sem eru í gangi hverju sinni betur sýnilegar, sem og útgefið efni. Í lok árs voru lögð drög að reglubundum vefmælingum svo fylgst verði með umferð á heimasíðunni með markvissum hætti. Verkefnið verður í sífelldri þróun og endurmetið reglulega.

Kristinn Berg Gunnarsson sinnti þessu verkefni með stuðningi Kristínar Sóleyjar Björnsdóttur á fyrri hluta árs en eftir það tóku Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Þórný Barðadóttir við því.

## RÁÐSTEFNUR OG VIÐBURÐIR

### Mannamót RMF

Í byrjun maí bauð RMF fræðafólki og ferðaþjónustunni til samtals undir yfirskriftinni Mannamót RMF. Markmið þessa voru að skapa jákvæð tengsl og tengja fræðafólk við ferðaþjónustuna og öfugt og skapa vettvang þar sem báðir hópar gætu kynnt sér í hvaða rannsóknum er verið að vinna innan háskólanna og hvaða þörf greinin hefur fyrir hagnýtar rannsóknir. Vegna yfirvofandi verkfalla Starfsgreinasambandsins og fleiri stéttarféлага í maí og tvísýnu kringum þau var ákveðið að fresta þessum viðburði um óákveðinn tíma.

Kristín Sóley Björnsdóttir og Eyrún Jenný Bjarnadóttir undirbjuggu viðburðinn en auk Kristínar Sóleyjar sátu Gunnar Þór Jóhannesson, dósent í ferðamálafræði við HÍ, og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, lektor við ferðamáladeild Háskólans á Hólum, í undirbúningshópi.

### RMF á Fundi fólksins

Dagana 11.-13. júní var haldin þriggja daga hátíð um samfélagsmál að norrænni fyrirmynd í Norræna húsinu undir heitinu Fundur fólksins. Boðið var til samtals milli almennings, stjórnáráðgjafanna og frjálsra félagasamtaka, þar sem opin skoðanaskipti eru leiðarstefið. Aðstendur hátíðarinnar voru Norræna húsið, Norðurlönd í fókus, Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, Almannaheill, Reykjavíkurborg og samstarfsráðherra Norðurlanda. Skipuleggjendur hátíðarinnar óskuðu eftir þátttöku RMF á hátíðinni til að standa fyrir málþingi um ferðamál. Yfirskrift málþingsins var „Ferðalag um ferðaþjónustuna“, og á því var gestum boðið upp á ferðalag um íslenska ferðaþjónustu sem nú stendur á tímamótum. Um þrjátíu manns sóttu málþingið og sköpuðust líflegar og skemmtilegar umræður um erindin sem voru flutt.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir sá um skipulagningu málþingsins í samvinnu við Kristínu Sóleyju Björnsdóttur og Dr. Edward H. Huijbens.

### 24. samnorræna ráðstefnan um ferðamál

Dagana 1.-3. október bauð RMF til 24. samnorrænu ferðamálaráðstefnunnar Nordic Symposium (e. *24th Nordic Symposium in Tourism and Hospitality Research*). Yfirskrift ráðstefnunnar var „Ábyrg ferðaþjónusta?“. Þar var fjallað um þau mál og rannsóknir sem eru efst á baugi er kemur að ábyrgri ferðamennsku og hvernig ferðaþjónusta geti í vörubrúun sinni byggt á hugmyndum um ferðamennsku sem eru í takti við þarfir náttúru og samfélags. Ráðstefnan fór fram í Háskóla Íslands og á Hótel Sögu í Reykjavík. Undirbúningur og verkefnastjórn var í höndum RMF í samstarfi við Háskóla Íslands, Háskólann á Hólum og Háskólann á Akureyri undir verkefnastjórn RMF. Ráðstefnan er haldin á hverju ári að hausti og skiptast Norðurlandþjóðirnar á um að halda hana. Þetta er í annað sinn sem RMF skipuleggur ráðstefnuna en fyrir fimm árum var hún haldin hér á landi, þá á Akureyri. Undirbúningur fyrir ráðstefnuna hófst á haustdögum 2014 og var unnið að skipulagningu jafnt og þétt fram að

ráðstefnu. Ráðstefnan er einn stærsti og umfangsmesti viðburður sem RMF hefur skipulagt fram til þessa. Alls tóku 167 fræðimenn á sviði ferðamála frá 17 þjóðlöndum þátt í ráðstefnunni. Haldnir voru fjórir öndvegisyfirlestrar en þar fyrir utan voru flutt 143 erindi í 31 málstofu.

Ráðstefnan heppnaðist afar vel og var mikil og almenn ánægja meðal gesta með hana og skipulagninguna. Heimasíða ráðstefnunnar er opin, <http://24thnordicsymposium.rmfi.is/>. Auk þess var gefin út ágripabók á rafrænu formi í anda umhverfisstefnu Nordic Symposium, sem drög voru lögð að árið áður, þ.e. á ráðstefnunni í Kaupmannahöfn 2014. Ágripabókina er að finna á heimasíðu RMF.

Samhliða ráðstefnunni var haldið námskeið fyrir doktorsnema í ferðamálafræði, sem skipulagt var af RMF og Háskóla Íslands. Námskeiðið var haldið í Gunnarsholti hjá Landgræðslu ríkisins. Alls tóku 11 doktorsnemar frá sjö löndum þátt í námskeiðinu auk þriggja aðalfyrirlesara ráðstefnunnar og eins fyrrv. ritstjóra *Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism*. Mikil ánægja var með námskeiðið bæði hjá þátttakendum og skipuleggjendum.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir sinnti þessu verkefni ásamt Dr. Edward H. Huijbens og Kristínu Sóleyju Björnsdóttur.

## Örráðstefna RMF 2015

Þann 29. október var fimmta örráðstefna RMF haldin í Háskóla Íslands. Á örráðstefnunni er fjallað um afmörkuð efni á stuttan og hreinskiptinn hátt og opnað er á spurningar og umræður um ferðaþjónustu við almenning og atvinnugreinina. Að þessu sinni var örráðstefnan haldin undir yfirskriftinni „Hvað vitum við að við vitum ekki?“ þar sem fjallað var um hvaða gögn við eigum um stöðu íslenskrar ferðaþjónustu og hvað við vitum að okkur okkur vantar að vita. Sex erindi voru flutt og sköpuðust miklar umræður um stöðu þekkingar og rannsókna í ferðaþjónustu.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Kristín Sóley Björnsdóttir og Dr. Edward Huijbens sinntu þessu verkefni.

## ÚTGEFIÐ EFNI 2015

Edward H. Huijbens, Johanna E. van Schalkwyk, Iris Homan, Mareike Scheller, Kristjana Kristjánsdóttir, Þórný Barðadóttir, Hafdís Björg Hjálmarsdóttir, Brynjar Þór Þorsteinsson og Einar Svansson 2015. *Markhópagreining íslenskrar ferðapjónustu. Skýrsla I. Markmið, bakgrunnur og aðferðir*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Edward H. Huijbens og Eyrún J. Bjarnadóttir 2015. *Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðapjónustu. Greining könnunar meðal Íslendinga haustið 2014 – unnið fyrir Ferðamálastofu*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Edward H. Huijbens 2015. Þau sem fóru. Brottlutt heimafólk og tengsl þess við Fjallabyggð. *Íslenska Þjóðfélagið*, 6(1): 77-96.

Frenç, C. 2015. *The new compilation of the Tourism Satellite Account in Iceland for 2009-2013: Data sources, methodology and results*. Akureyri: Icelandic Tourism Research Centre.

Hastings, J., Huijbens, E.H., Pétursson, G. og Smith, J. 2015. *Chinese Chess in the Wild West: How Icelanders view the growing Iceland-China relationship*. Centre for Arctic Policy Studies, University of Iceland. Occasional paper series.

Huijbens, E. 2015. Topological Encounters. Í R. van der Duim, G.T. Jóhannesson og C. Ren (ritstj.) *Tourism Encounters and Controversies: Ontological politics of tourism development*. Farnham: Ashgate, pp. 201-220.

Huijbens, E. og Benediktsson, K. 2015. Automobile authorship of landscapes: Agency in the interior of Iceland. Í J. Kolen, J. Renes og R. Hermans (ritstj.) *Landscape Biographies. Geographical, Historical and Archaeological Perspectives on the Production and Transmission of Landscapes*. Amsterdam: Amsterdam University Press, pp. 97-113.

Huijbens, E. og Pálsson, G. 2015. The Marsh of Modernity: The bog in our brains and bowels. Í J. Kolen, J. Renes and R. Hermans (ritstj.) *Landscape Biographies. Geographical, Historical and Archaeological Perspectives on the Production and Transmission of Landscapes*. Amsterdam: Amsterdam University Press, pp. 47-67.

Icelandic Tourism Research Centre 2015. *Responsible Tourism? – Book of Abstracts. The 24th Nordic Symposium in Tourism and Hospitality Research*. Akureyri: Icelandic Tourism Research Centre.

Lilja B. Rögnvaldsdóttir 2015. Tourism data collection. An analysis at subnational level in Iceland. Í Helga Ólafs og Thamar M. Heijstra (ritstj.) *Rannsóknir í félagsvísindum XVI, Viðskipta- og hagfræðideild*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.

Welling, J.T. 2015. *Glacier Tourism and climate change in Vatnajökull Region: perceptions, impacts, responses and vulnerabilities of local tour operators*. Akureyri: Icelandic Tourism Research Centre.

Welling, J.T. 2015. Glacier tourism and climate change: perception and adaptive responses to climate change from glacier tour operators of the Vatnajökull region, Iceland. Í O. Cenk Demiroglu, C.R. De Freitas, D. Scott, M. Levent Kurnaz og D. Ünalán (ritstj.) *Proceedings of*

*the 4<sup>th</sup> International Conference on Climate, Tourism and Recreation* (bls. 86-91). Sjá: [http://ipc.sabanciuniv.edu/en/wp-content/uploads/2015/11/ProceedingsRaporENG.10.11.15.web .pdf](http://ipc.sabanciuniv.edu/en/wp-content/uploads/2015/11/ProceedingsRaporENG.10.11.15.web.pdf)

Welling, J.T., Árnason, Þ. og Ólafsdóttir, R. 2015. Glacier tourism: a scoping review. *Tourism Geographies* 17(5): 635-662, DOI: 10.1080/14616688.2015.1084529.

## FYRIRLESTRAR OG ERINDI 2015

Cristi Frenț (2015). *An insight on the new Tourism Satellite Account (TSA) data for Iceland*. Opinn fyrirlestur Rannsóknamiðstöðvar ferðamála í Háskóla Íslands. Háskóli Íslands, Reykjavík, 5. október.

Cristi Frenț (2015). *Expanding the Icelandic Tourism Satellite Account and its possibilities of using for tourism policy*. Kynning á ICOT-ráðstefnu 2015 IATOUR (International Association for Tourism Policy). London, Stóra-Bretland, 25. júní.

Cristi Frenț (2015). *Is there any responsibility in using tourism statistics: Some examples from Iceland*. Kynning á 24. Nordic Symposium in Tourism and Hospitality Research. Hótel Sögu, Reykjavík, 3. október.

Edward H. Huijbens (2015). *Jarðbundin hönnun ferðamannastaða*. Kynning á Þjóðarspegli XVI. Háskóli Íslands, Reykjavík, 30. október.

Edward H. Huijbens (2015). *Munurinn á útflutningstekjum af ferðapjónustu og neyslu erlendra gesta*. Kynning á málstofu í viðskiptafræði. Háskólinn á Akureyri, Akureyri, 20. nóvember.

Edward H. Huijbens (2015). *Tourism, Geography and the Anthropocene*. Gestafyrirlesari við Wageningen Geography Lecture Series. Wageningen, Hollandi, 10. nóvember.

Edward Huijbens (2015). *Earthly tourism of the 21st Century. Ethics, tourism and the Anthropocene*. Kynning á 6. Nordic Geographers Meeting. Tallinn/Tartu, Eistlandi, 15.-19. júní.

Edward Huijbens (2015). *Marketing destinations. Images of Iceland and local perceptions*. Kynning á 6. Nordic Geographers Meeting. Tallinn/Tartu, Eistlandi, 15.-19. júní.

Edward Huijbens (2015). *Home and away – the sharing economy and Icelandic tourism*. Kynning á Annual International Conference of the Institute of British Geographers (IBG)/ Royal Geographical Society (RGS). Exeter, Englandi, 2.-4. september.

Edward Huijbens (2015). *Hvað vitum við um ferðamál? Staða gagnaöflunar og rannsókna í ferðapjónustu*. Fræðsluerindi fyrir starfsfólk Háskólans á Hólum. Háskólinn á Hólum, Hólar í Hjaltadal, 4. febrúar.

Edward Huijbens (2015). *Hvað vitum við um ferðaþjónustu og þyrftum helst að vita? Staða gagnaöflunar og rannsókna í ferðaþjónustu*. Kynning á málstofu um ferðamál á Fundi fólksins. Norræna húsið, Reykjavík, 13. júní.

Edward Huijbens (2015). *Hvernig tryggjum við verndun hálendisins? Stýring ferðamanna og ferðalög á hálendi*. Kynning fyrir Landvernd. Laugardalshöll, Reykjavík, 16. maí.

Edward Huijbens (2015). *Munu útlendingar þjóna útlendingum? Framtíð vinnumarkaðar í íslenskri ferðaþjónustu*. Kynning á málstofu í viðskiptafræði. Háskólinn á Akureyri, Akureyri, 24. apríl.

Edward Huijbens (2015). *Orkan úr iðrum og af yfirborði jarðar. Samspil ferðamanna og orkunýtingar á Íslandi*. Kynning fyrir Samtök orkusveitarfélaga. Hótel Laxá, Mývatnssveit, 15. október.

Edward Huijbens (2015). *The development of Icelandic tourism. Terms of development and policy making. What can Greenland learn? Aðalfyrirlesari á viðskiptaráðstefnu Future Greenland 2015*. Nuuk, Grænlandi, 6.-7. maí.

Edward Huijbens (2015). *Tourism and the Anthropocene – Travelling in Iceland*. Kynning á málstofu Listaháskóla Íslands um arkitektúr, iðnað og umhverfi. Akureyri, 10. febrúar.

Edward Huijbens (2015). *Ylrækt landsbyggðanna. Hlutverk ferðamanna*. Kynning á 9. ráðstefnunni um íslenska þjóðfélagið. Ísafjörður, 17.-18. apríl.

Gyða Þórhallsdóttir (2015). *Hver er'ann, hvaðan kom'ann og hvert er'ann að fara?* Kynning á Örráðstefnu Rannsóknamiðstöðvar ferðamála. Háskóli Íslands, Reykjavík, 29. október.

Gyða Þórhallsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson (2015). *Fjöldi ferðamanna á náttúrustöðum – þekking er forsenda skipulags*. Kynning á Þjóðarspegli XVI. Háskóli Íslands, Reykjavík, 30. október.

Gyða Þórhallsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson (2015). *Methods to estimate the number of tourists in destinations*. Kynning á 24. Nordic Symposium in Tourism and Hospitality Research. Hótel Sögu, Reykjavík, 3. október.

Johannes T. Welling (2015). *Glacier cave tours in the Vatnajökull glacier: an emerging Icelandic winter adventure tourism niche*. Kynning á 24. Nordic Symposium in Tourism and Hospitality Research. Hótel Sögu, Reykjavík, 2. október.

Johannes T. Welling (2015). *Glacier tourism and climate change: perception and adaptive responses to climate change from glacier tour operators of the Vatnajökull region, Iceland*. Kynning á 4. International Conference on Climate, Tourism and Recreation. Istanbul, Tyrkland, 17. september.

Kristín Sóley Björnsdóttir (2015). *Rannsóknamiðstöð ferðamála – kynning og möguleikar til samstarfs*. Kynning á fundi framkvæmdastjóra Markaðsstofa landshlutanna. Markaðsstofa Norðurlands, Akureyri, 18. mars.



Kristín Sóley Björnsdóttir (2015). *The Icelandic Tourism Reserach Centre*. Kynning fyrir erlenda nemendur í meistaranámi við Háskólasetur Vestfjarða. Ísafjörður, 17.-18. apríl.

Kristín Sóley Björnsdóttir (2015). *The Icelandic Tourism Reserach Centre – a short introduction*. Kynning haldin fyrir starfsfólk ferðamáladeildar HÍ og gesta þeirra frá the University of Lapland and Lapland University of Applied Sciences. Reykjavík, 29. september.

Lilja B. Rögnvaldsdóttir (2015). *Efnahagsleg áhrif hvalaskoðunar í Eyjafirði og á Húsavík*. Kynning á málþingi Hvalaskoðunarsamtaka Íslands um hvalaskoðun og uppbyggingu hafnarsvæða. Hvalasafnið á Húsavík, Húsavík, 26. maí.

Lilja B. Rögnvaldsdóttir (2015). *Ferðaþjónusta í Þingeyjarsýslum*. Samráðsfundur Landsvirkjunar, Mývatnsstofu Ferðamálasamtaka Þingeyjarsveitar og Húsavíkurstofu um áskoranir og tækifæri í ferðaþjónustu vegna uppbyggingar Þeistareykjavirkjunar. Ýdölum, 13. janúar.

Lilja B. Rögnvaldsdóttir (2015). *Framboð gagna í ferðaþjónustu*. Kynning á Örráðstefnu Rannsóknamiðstöðvar ferðamála. Háskóli Íslands, Reykjavík, 29. október.

Lilja B. Rögnvaldsdóttir (2015). *Hvaða gögn eru til gagns – í svæðisbundinni stefnumótun ferðaþjónustu?* Kynning á Ferðamálaþingi. Menningarhúsið Hof, Akureyri, 28. október.

Lilja B. Rögnvaldsdóttir (2015). *Svæðisbundin gagnaöflun í ferðaþjónustu*. Kynning á Þjóðarspegli XVI. Háskóli Íslands, Reykjavík, 30. október.

Lilja B. Rögnvaldsdóttir (2015). *Þróun og staða ferðaþjónustu á Húsavík*. Kynning á ársfundi Stofnunar Rannsóknasetra Háskóla Íslands. Hvalasafnið á Húsavík, Húsavík, 9. apríl.

Lilja B. Rögnvaldsdóttir (2015). *Þróun og staða ferðaþjónustu*. Kynning á Tæpitungulaust – fyrirlestraröð um ferðaþjónustu á vegum Þekkingarnets Þingeyinga. Þórsver, Þórshöfn, 2. febrúar.

Lilja B. Rögnvaldsdóttir (2015). *Þróun og tölfræði ferðaþjónustu á Húsavík*. Kynning á fundi á vegum Húsavíkurstofu og Þekkingarnets Þingeyinga um ferðamál. Hvalasafnið á Húsavík, Húsavík, 4. febrúar.

## VEGGSPJÖLD 2015

Johannes T. Welling (2015). Climate change adaptation of glacier tour operators. Veggspjald og kynning á Þjóðarspegli XVI. Háskóli Íslands, Reykjavík, 30. október.

## ANNAÐ 2015

Edward H. Huijbens (2015). Framtíðarmöguleikar atvinnuþróunar á Eyþingsvæðinu – áhersla á ferðamál. Sjónvarpsþáttur á N4, tekinn upp 12. febrúar.

Edward H. Huijbens og Cristi Frenç 2015, 29. október. Munurinn á útflutningstekjum af ferðaþjónustu og neyslu erlendra gesta. *Fréttablaðið*, bls. 20.

